



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

## STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 27.04.2020

Kl.: 16:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti  
landlæknis/Sóttvarnalæknir,

### Neyðarstig vegna COVID-19

#### Framvindan

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19. Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og upplýsingasíðunni [www.covid.is](http://www.covid.is)

#### Tölulegar upplýsingar fyrir Ísland

Ekkert smit greindist hér á landi síðastliðinn sólarhring. Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.792, samtals 158 eru í einangrun og 1.624 hafa náð bata. Alls eru 1.451 innanlandssmit. Samtals hafa um 46.377 sýni verið tekin, 25 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru 10 látin.

[Skv. tölum Landspítalans 26/4](#) eru 11 innlagðir á Landspítala með staðfest COVID-19 smit, þar af eru 1 á gjörgæslu og 1 í öndunarvél. 175 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19, þar af 10 börn í eftirliti Barnspítala Hringins. Þá hefur 1666 einstaklingum batnað og 93 einstaklingur hefur verið útskrifaður af spítalanum.

#### Viðbragðsteymi vegna þjónusta við viðkvæma hópa

Greinilega má merkja á svörum sveitarfélaga að jafnvægi er komið á framkvæmd þjónustu við viðkvæma hópa eftir gríðarlegt átak undanfarnar vikur við endurskipulagningu þjónustunnar en ekkert skráð tilfelli um þjónusturof er að finna í innsendum gögnum til viðbragðsteymisins. Þá hefur verið kallað eftir samræmdum leiðbeiningum um tilslakanir frá samkomubanni og sóttvarnarráðstöfunum fyrir velferðarþjónustu sveitarfélaga og bent á að nákvæmar, skref fyrir skref, leiðbeiningar væru gagnlegar sveitarfélögunum. Slíkar leiðbeiningar eru í vinnslu. Engu að síður ber að hafa í huga að lítið má út af af bregða til að neyðarástand skapist, sérstaklega á heimilum fólks s.s. íbúðakjörnum fatlaðs fólks og hjúkrunarheimilum. Því er mikilvægt að fylgjast áfram náið með framvindu mála og vanda vel undirbúning um tilslakanir frá samkomubanni og sóttvarnarráðstöfunum.

#### Ýmis þjónusta

Samtölum við 1717 er að fækka aftur eftir gríðarlega aukningu í marsmánuði. Það sem af er ári eru samtöl 9600 í stað 4.000 samtala á sama tíma í fyrra. Um miðbik marsmánaðar lutu flest samtölin að málum tengdum Covid-19 heimsfaraldrinum en nú eru samtölin bæði þyngri og alvarlegri en áður að mati Hjálparsímans. Viðtölum hjá Heimilisfriði hefur fjölgað fyrstu mánuði ársins sé miðað við sama tíma í fyrra eða úr 43 viðtölum að meðaltali á mánuði í 60 viðtöl að meðaltali á mánuði. Einnig kom fram að talsvert hafi verið leitað eftir þjónustu Bjarkahlíðar eftir páskaátíðina. Ljóst er að fjárhagsstyrkur félags- og barnamálaráðherra sem veittur var í marsmánuði til félagasamtaka er að skila sér í meiri þjónustu til einstaklinga. Sem dæmi má nefna að Píeta samtökin ætla að veita símaþjónustu allan sólarhringinn frá og með 1. maí nk.

Hugarafli er að undirbúa verkefni sem miðar af því að geta boðið upp á þjónustu víðsvegar um landið í samvinnu við aðila á svæðunum. Bæði er um að ræða fjarþjónustu og staðbundin námskeið.

Alls sex einstaklingar hafa nýtt sér tímabundið neyðarhúsnæði fyrir þá sem hafa í engin hús að venda vegna COVID-19. Reykjavíkurborg heldur utan um úrræðið með þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið.

## Vinnumál

Sögulegt álag er á þjónustu Vinnumálastofnunar þessa dagana og má búast við því að um 50 þúsund manns verði í greiðsluþjónustu hjá þeim um næstu mánaðarmót. Óhjákvæmilega lengir það afgreiðslutíma stofnunarinnar en það standa vonir til þess að það verði mjög skammur tími. Heildarfjöldi þeirra sem sótt hefur um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli er kominn í 35 þúsund einstaklinga. Þann 5.mái verður hægt að fara að sækja um greiðslur vegna sóttkvíar inni á vef Vinnumálastofnunar.

Vinnumálastofnun er að ráða til sín nýtt starfsfólk um allt land til að vera betur í stakk búið undir það álag sem nú er og þann aukna fjölda verkefna sem framundan er næstu mánuði. Vakin er athygli á mælaborði inni á vef Vinnumálastofnunar þar sem hægt er að skoða umsækjendahópin út frá ýmsum breytum: <https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplysingar/maelabord-covid-19>

## Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins

Hátt í 12 þúsund manns skráðu sig í gagnagrunn borgarþjónustunnar frá því í lok febrúar og voru þeim öllum sendar upplýsingar tengdar ferðum þeirra á einhverjum tímapunkti. Sérstaklega var haft samband við 5600 manns, fyrst utan Evrópu en nú hefur sömuleiðis verið haft samband við þá sem skráðir voru í Evrópu. Þar af hefur verið hringt í á þriðja þúsund manns en aðrir hafa fengið sérsniðin skilaboð í tölvupósti.

Langflestir eru komnir heim (60%) eða hyggjast dvelja áfram erlendis (30%). Enn eru 200 manns á heimleið og 55 einstaklingar í 22 ríkjum eiga í erfiðleikum með að komast heim. Skráningar frá Spáni voru ríflega þriðjungur allra skráninga eða um 4500. Ríflega 3000 voru enn skráðir í grunninn 19. mars síðastliðinn en þeir eru um 450 í dag. Um þúsund manns voru skráðir í Bandaríkjunum, þar af um 700 enn erlendis þann 19. mars sl. en eru 350 í dag.

Auk þeirra 133 sem komu frá Póllandi í flugi á vegum pólskra stjórnvalda í upphafi mánaðar, hafa hátt í 60 manns nýtt sér borgaraflug Norðurlanda og annarra Evrópuríkja en þeir gætu þó verið fleiri þar sem sum flugin eru bókuð líkt og hvert annað áætlunarflug, í gegnum vefsíður flugfélaga eða ferðaskrifstofa.

## Upplýsingamiðlun og verkefni

### Upplýsingafundur almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna COVID-19 mánudagur 27. apríl.

**Þátttakendur: Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, Alma D. Möller, landlæknir og Páll Matthíasson forstjóri Landspítala.**

**Alma Möller** fór yfir tölfræði dagsins. Ekkert smit greindist sl. sólarhring, 25 sýni voru tekin, öll á heilsugæslunni. Einn sjúklingur er á gjörgæslu. Enginn er í öndunarvél en samtals 18 hafa frá upphafi verið í öndvél. Gert er ráð fyrir að við höldum áfram að greina tilfelli. Verðum á varðbergi og tökum sýni. Nú er Rakning-C smitrakningarappið komið í 138 þús tæki. Appið verður væntanlega æ mikilvægara þegar líður á faraldurinn er því afar mikilvægt að fleiri hlaði því niður. Þegar litið er yfir faraldurinn upplifðum við að smit jukust hratt. Við gerðum spálíkan snemma og gátum undirbúið heilbrigðiskerfið. Við vorum alltaf aðeins á undan í framkvæmdum okkar. Gert var ráð fyrir að taka á móti fleiri sjúklingum en raunin varð. Við náðum að fletja kúrfuna og vel gekk að sinna þeim sem veiktust. Göngudeild Landspítala hafði mikla þýðingu í þjónustu við sjúklinga og hefur gengið vel að takast á við faraldurinn. Alma hrósaði og þakkaði heilbrigðisstarfsfólki, sérstaklega því fagfólki sem starfar af yfirvegum á gjörgæslunni.

**Páll Matthíasson** fór yfir tölfræði spítalans. Hann að nú sé fyrirsjáanlegt að dregið verði úr viðbragði vegna COVID-19 en á sama tíma gefið í varðandi þjónustu sem var frestað. Áfram verður álag á heilbrigðisstarfsfólki. Landspítalinn heldur áfram reynslunni ríkari, m.a. með aukinni notkun fjarheilbrigðisþjónustu, markvissri notkun göngudeilda, auknu samstarf mismunandi aðila í heilbrigðisþjónustu, einnig birgðahaldi og innkaupum. Verið er að skoða möguleika í samstarfi annarsstaðar. Það sem hefur gífurlega mikið að segja er viðbragðið, allir róa í sömu átt og hafa sömu sýn, þá náum við að vinna saman í einu heilbrigðisneti. Páll talaði um framúrskarandi framgöngu starfsfólks sem er hógvært og vant að vinna í hljóði. Hann þakkaði þeim innilega.

**Víðir Reynisson**, nefndi álag á lögreglu vegna verkefna sem að henni snúa á þessum tímum. Hann hrósaði öllum þennan góða árangur. Nú eru tvær vikur liðnar frá páskum og við höfum ekki upplifað bakslag eftir páskana. Við höfðum áhyggjur af því að smitum myndi fjölga en það gerðist ekki. Við þökkum það. Allir voru að standa sig vel. Það stendur ekki til að afnema 2 m regluna á næstunni en við munum hugsa um viðmið og taka tillit til rýmis hvers og eins. Unnið er að útfærslu ferðalaga innanlands í sumar svo að þau geti orðið í samræmi við sóttvarnaráherslur. Þetta snýr meðal annars að tjaldstæðum, skálum og stórum gönguferðum. Unnið er að gerð leiðbeininga fyrir þennan málaflökk. Bakverðir

heilbrigðisþjónustunnar eru enn að störfum fyrir vestan. Alma vonast til að þau verði áfram til taks og í einhverri mynd næstu mánuði, m.a. þegar kemur að sumarfríum.

Spurning kom upp um ökukennslu og sagði Víðir að ökukennarar mega hefja kennslu en þeir þurfa að gæta að eigin heilsu og brýnt er að nemendur mæti ekki í tíma ef viðkomandi er með flensu/veikindaeinkenni.

### Vefurinn [www.covid.is](http://www.covid.is)

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu

<https://www.covid.is/tolulegar-upplýsingar>

Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir og verkefni hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19.


Upplýsingar á vefnum eru á níu tungumálum. Á tímabilinu 17. mars – 15. apríl hafa síður á covid.is samtals verið skoðaðar í rúmlega 7 milljón skipti.

### Framundan:

- Upplýsingafundir fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður þriðjudaginn 28. apríl 2020 kl. 9:00.


## Staða mála

### Ísland - staðan í dag




Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru tíu látin.


### Fjöldi virkra smita og þeirra sem er batnað



## Fjöldi smita




## Fjöldi sýna



## Fjöldi smita eftir kyni



## Uppruni smits




## Smit / sóttkví eftir landshlutum



	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1308	502
Suðurnes	77	31
Suðurland	178	70
Austurland	8	14
Norðurland eystra	46	27
Norðurland vestra	35	14
Vestfirðir	95	78
Vesturland	42	26
Óstaðsett	2	52
Útlönd	1	0

Download data

## Fjöldi virkra smita eftir aldri, fjöldi þeirra sem hefur náð sér og andlát




## Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví




55%

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví




## Hlutfall smita af fjölda sýna



## Fjöldi smita á hverja 1.000 íbúa eftir aldri og kyni

- Uppfært á mánudögum



### Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 2,981,592 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 206,803 einstaklingar** eru látnir. Þá hafa **869,935 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](https://ecdc.europa.eu/) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)